



VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAHREPPS

2. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps haldinn þriðjudaginn 4. ágúst 2022 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Bjarney Vignisdóttir, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Formaður lagði fram dagskrárbreytingartillögu þess eðlis að liður 4 verði umræða um málefni fráveitu í nýju hverfi byggða á Bríkum. Tillagan samþykkt samhljóða.

Gengið til dagskrár:

1. Vatnslögn að Auðsholti.

Lögð fram umsókn um kalt vatn að byggingarreit í Selholti, Auðsholti 2 frá Tómasi Tómassyni. Jafnframt lögð fram gögn um umfang og upplýsingar um efniskostnað við nýlagningu vatnslagnar að Unnarholti og Auðsholti ásamt skýrslu frá 2013 um ástand vatnstanks í Auðsholti.

Veitustjórn samþykkir að farið verði í framkvæmdir við stofnlögn vatnsveitu að Auðsholti. Jafnframt samþykkir veitustjórn að fela veitustjóra að setja í gang hönnun á dreifikerfi vatnsveitu innan Auðsholts. Framkvæmdir við þann hluta verði á árinu 2023 og gert verði ráð fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun ársins 2023.

2. Hita- og vatnslögn að frístundabyggð í Efra-Langholti.

Lagður fram tölvupóstur frá Helga Kjartanssyni og Ragnari Sölva Geirssyni þar sem óskað er eftir að gerður verði samningur um kostnaðarskiptingu við umræddar tengingar. Tölvupóstinum fylgdi kostnaðaráætlun gerð af Verkfræðistofunni Eflu þann 5. júlí 2022.

Veitustjórn bendir bréfiturum á gjaldskrár veitna og þær reglur sem í gildi eru um tengingar við vatns- og hitaveitu og hvetur aðila til að leggja fram formlega umsókn svo hægt sé að taka ákvörðun um framhald málsins og svo hönnun á veitunum geti hafist.

3. Vatnstökusamningur í landi Jötu.

Tölvupóstur lagður fram frá Sigurði Hauki Jónssyni þar sem óskað er eftir efndum á samningi sem gerður var vegna vatnstöku í landi Jötu.

Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra og sveitarstjóra að ræða við bréfitara með það fyrir augum að ásættanleg lausn náist fyrir báða aðila.

4. Fráveita í landi Byggða á Bríkum.

Veitustjóri lagði fram gögn frá Verkfræðistofunni Eflu varðandi fráveitu í landi Byggða á Bríkum.

Veitustjórn samþykkir að farið verði í heildarhönnun fráveitu hverfisins með það fyrir augum að ráðist verði í útboð og framkvæmdir sem allra fyrst. Við hönnun verði gert ráð fyrir að strax verði lögð stofnlögn niður Langatanga sem tryggir eðlilega uppbyggingu hverfisins.

5. Kosning í embætti

Samþykkt samhljóða að Bjarney Vignisdóttir verði varaformaður Veitustjórnar og sveitarstjóri ritari.

Í samræmi við ákvörðun veitustjórnar frá fundi dags. 14. júní 2022 verða fundir stjórnarinnar framvegis haldnir síðasta þriðjudag hvers mánaðar kl. 16:00. Næsti fundur verður því þann 30. ágúst 2022. Vakin er athygli á að fundargögn fyrir veitustjórn eru vistuð í SharePoint fyrir aðal- og varamenn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:06.